

# Sunnulækjarskóli



## Sjálfsmatsskýrsla

2012 - 2013

Guðbjörg Halldórsdóttir

## **Efnisyfirlit:**

|  |    |
|--|----|
| 1. Inngangur .....                                 | 4  |
| 2. Lýsing á Sunnulækjarskóla .....                 | 5  |
| 3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla .....                | 7  |
| Ytri rammi og innri viðmið .....                   | 7  |
| Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla .....          | 7  |
| Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla.....             | 8  |
| Matsspurningar .....                               | 9  |
| 4. Niðurstöður.....                                | 10 |
| 4.1. Stefna og stjórnun.....                       | 10 |
| Stefna og stefnumörkun .....                       | 10 |
| Stjórnun.....                                      | 10 |
| Stefna og stjórnun – samantekt .....               | 11 |
| 4.2. Nám og kennsla .....                          | 12 |
| Kennsla og kennsluhættir.....                      | 12 |
| Stoðkerfi.....                                     | 14 |
| Heimanám .....                                     | 16 |
| Námsmat .....                                      | 18 |
| Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu..... | 19 |
| Aðstaða nemenda og námsumhverfi .....              | 25 |
| Námsárangur .....                                  | 26 |
| Nám og kennsla – samantekt .....                   | 29 |
| 4.3. Líðan nemenda .....                           | 31 |
| Líðan nemenda í skólanum .....                     | 31 |
| Skóla- og bekkjarandi .....                        | 35 |
| Agamál.....  | 38 |
| Einelti.....                                       | 39 |
| Líðan nemenda - samantekt .....                    | 42 |
| 4.4. Starfsánægja starfsmanna .....                | 43 |
| Aðgengi að upplýsingum og sérfræðipjónustu .....   | 43 |
| Ábyrgð og áskoranir í starfi .....                 | 44 |

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

---

|  |    |
|--|----|
| Samvinna og teymisvinna .....                  | 44 |
| Starfsaðstæður .....                           | 45 |
| Starfsþróun .....                              | 46 |
| Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar ..... | 49 |
| Starfsánægja starfsmanna – samantekt .....     | 51 |
| 4.5. Samvinna heimila og skóla.....            | 52 |
| Upplýsingagjöf.....                            | 52 |
| Samvinna og samskipti við starfsmenn.....      | 53 |
| Virgni og áhrif foreldra á skólastarfið .....  | 54 |
| Þjónusta við nemendur og foreldra .....        | 56 |
| Samvinna heimila og skóla - samantekt.....     | 58 |
| 5. Umræða .....                                | 59 |
| 6. Lokaorð .....                               | 62 |

## 1. Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Sunnulækjarskóla og með hvaða hætti skólastarfið er metið, hvernig áætlanir eru gerðar um eflingu skólastarfsins, bæði viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um einkenni Sunnulækjarskóla, stefnu hans og markmið. Þá er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst, á hvaða upplýsingum sjálfsmatið byggist og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu en þær spurningar byggjast á stefnu skólans og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áhersluþætti fyrir sig. Að lokum er lagt mat á niðurstöðurnar; helstu styrkleika skólastarfsins, áberandi breytingar á milli skólaára, helstu veikleika eða sóknarfæri og hvaða þróunarverkefni skólinn ætti að hafa í forgangi á næsta skólaári/skólaárum til að ná sem bestum árangri á öllum sviðum.

Sjálfsmatsskýrsla þessi gerir í ýmsum tilvikum aðeins grein fyrir skólastarfi Sunnulækjarskóla síðastliðið skólaár, einkum í þáttum sem varða foreldra og starfsfólk því breytingar urðu á gagnaöflun á viðhorfum þeirra með þátttöku í foreldra- og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Eldri upplýsingar um skólastarfið er að finna í fyrri sjálfsmatsskýrslum sem eru aðgengilegar á vef Sunnulækjarskóla <http://www.sunnulaekjarskoli.is/>.

## 2. Lýsing á Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004. Við hönnun skólans var lögð áhersla á að byggja skóla sem tæki tillit til þarfa einstaklinga í nútíma samfélagi þar sem hæfni til samskipta, frumkvæðis og nýsköpunar eru veigamiklir þættir. Einnig var horft til þess að þroska sjálfstæða einstaklinga sem gætu tekið ábyrgð á eigin lífi og væru færir um að stunda símenntun alla ævi.

Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram á opnum rýmum og aukið svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta. Segja má að skólastarfið byggi á þremur grunnstoðum; einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.

Vorið 2007 var ákveðið að innleiða hugmyndir *uppeldis til ábyrgðar og uppbyggingar sjálfsaga* í skólastarfið og nota þær til að nálgast enn frekar þau markmið sem skólanum eru sett. Við skólann starfar fimm manna stýrihópur, skipaður kennurum og þroskaþjálfara af öllum stigum skólans. Hópurinn hittist vikulega og hefur umsjón með framgangi verkefnisins.

Sunnulækjarskóla er skipt í yngri og eldri deild sem hvorri um sig er stýrt af deildarstjóra. Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er einnig hluti af Sunnulækjarskóla og er stýrt af deildarstjóra sérdeildar. Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu sem sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Hólar, lengd viðvera, er rekin við skólann og er henni stýrt af forstöðumanni. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara með yfirstjórn.

Nú starfa rúmlega 80 starfsmenn við skólann og tengdar deildir í um 75 stöðugildum. Í skólanum eru 500 nemendur í 10 árgöngum og 22 bekkjardeildum.

### **Stefna og markmið**

Stefna skólans birtist meðal annars í Grundvelli Sunnulækjarskóla sem er ætlað það hlutverk að skilgreina megin uppbyggingu stjórnskipulags skólans og daglega ákvarðanatöku í starfsemi hans

### **Grundvöllur Sunnulækjarskóla**

*Leiðarljós starfsmanna Sunnulækjarskóla er:*

- að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum
- að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju
- að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áræði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegn
- að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda

## *Skólafest*

Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám. Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagð að hæfileikum hans og getu frekar en að nemendur séu flokkaðir í hópa með fyrirfram skilgreinda eiginleika.

## *Skólabragur*

Allir kennarar sjá um að vinna markvisst með og kynna Uppeldi til ábyrgðar í sínum nemendahóp. Allir umsjónarhópar gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn **sáttmála** um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unnin var. Til að skapa öryggi og traust í skólasamfélaginu verðum við að hafa **skýr mörk** sem styðja við sáttmála skólans. Lærdómssamfélagið í **Sunnulækjarskóla** einkennist af **gleði, vináttu** og **frelsi**.

## *Kennarateymi*

Allir kennarar skólans vinna saman í teyllum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda kennarateymi. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.

## *Hlutverk umsjónarkennara*

Kennarar í kennarateyllum skipta umsjón með nemendum milli sín og eru þeir því umsjónarkennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti.

## *Hlutverk deildarstjóra*

Meginhlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Deildarstjórar eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnunarteymi skólans.

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum leiðarljóssins verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskólans. Stjórnendur skólans trúa því að þetta verði best gert með því að skólastarfið sé sett upp með þeim hætti sem fram kemur í grundvelli skólans. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár.

Sunnulækjarskóli skilgreinir starfsemi sína í skólanámskrá sem gefin er út að hausti hvert ár. Skólanámskráin er í tveimur hlutum, skólahandbók sem geymir almennar upplýsingar um skólann og námsvísur sem skilgreina frekar starfið undir stjórn hvers kennarateymis. Skólahandbókin og námsvísar eru aðgengilegir á vef skólans. Þessi gögn er einnig hægt að nálgast á prentuðu formi á skrifstofu skólans.

Auk skólahandbókar og námsvísa er starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla. Í henni eru einstakir vinnuferlar skilgreindir og því lýst hvernig staðið er að verki í starfi skólans. Starfsmannahandbók er uppfærð reglulega og er hverjum starfsmanni ætlað að verðveita sitt eigið eintak og viðhalda því.

## 3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggir á tveimur meginþáttum, annars vegar á þeim lögum og reglugerðum sem grunnskólum landsins er ætlað að starfa eftir og mætti kalla ytri ramma og hins vegar á eigin stefnu og markmiðum í skólastarfinu eða innri viðmið.

### Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

*Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.*

*Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:

*Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.*

*Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.*

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist á ofangreindum lagaákvæðum.

Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst skólastefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós (sjá hér að framan) ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.

### Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla

Á fyrsta starfsári Sunnulækjarskóla, eða í byrjun árs 2005 lagði Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands ásamt starfshópi innan skólans, mat á hvernig skólanum gengi að hrinda í framkvæmd stefnumálum sínum um sveigjanlega kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í skýrslunni „*Hér eru allir að hjálpa öllum*“. (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 2005).

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

---

Næstu tvö ár var framkvæmd innra mats í Sunnulækjarskóla aðallega í höndum stjórnenda skólans sem höfðu frumkvæði að ýmsum viðhorfakönnunum ásamt því að halda til haga ýmsum þeim gögnum sem snerta mat á skólastarfinu.

Á haustmánuðum 2007 var stofnaður stýrihópur í Sunnulækjarskóla til að vinna að innra mati á starfi skólans, samkvæmt grunnskólalögum. Stýrihópurinn skoðaði mismunandi leiðir sem hægt væri að fara við innra mat á skólastarfi og velja þá sem hópnun fannst vera best til þess fallin að gefa sem gleggsta mynd af stöðu skólans og sem einnig leiddi til markvissrar umbótaáætlunar. Niðurstaðan var sú að hefjast handa við greiningu á styrkleikum og veikleikum í skólastarfinu eða því sem fólki fyndist vera vel gert og því sem mætti betur fara eða sóknarfæri.

Vorið 2008 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sunnulækjarskóla og var niðurstaðan sú að sjálfsmatið væri ófullnægjandi. Vorið 2011 gerði menntamálaráðuneytið aftur úttekt á starfsemi skólans og niðurstöður ráðuneytisins liggja nú fyrir þar sem gerð er grein fyrir helstu styrkleikum skólastarfsins og einnig eru gerðar tillögur til úrbóta.

Frá haustinu 2008 hefur Guðbjörg Halldórsdóttir, kennari við Sunnulækjarskóla haft umsjón með sjálfsmatinu.

## **Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla**

Við innra mat á skólastarfinu eru ýmis gögn lögð til grundvallar, m.a. kannanir frá aðilum utan skólans, kannanir sem skólinn sjálfur hefur forgöngu um að gera, styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna skólans ásamt mati á árangri nemenda, t.d. í samræmdum prófum. Skýrsla um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess ásamt þróunaráætlun er samin árlega og kynnt fyrir starfsmönnum skólans, skólanefnd og foreldrum. Skýrslurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru þessar:

### **Ytri kannanir**

2011 Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla.

### **Innri kannanir**

2010 – 2013 Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.

2012 – 2013 Viðhorfakönnun meðal foreldra – Skólapúlsinn.

2012 – 2013 Viðhorfakönnun meðal starfsmanna – Skólapúlsinn.

### **Próf og mat á árangri nemenda**

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010 - 2012.

### **Styrk- og veikleikagreining**

Árið 2013 var styrk- og veikleikagreining gerð meðal allra starfsmanna. Viðmiðunin sem lögð var til grundvallar í þetta sinn voru niðurstöður rafrænnar viðhorfakönnunar meðal starfsmanna skólans þar sem spurt var í opnum spurningum um helstu kosti og galla skólans. Starfsmenn unnu styrk- og veikleikagreininguna einstaklingslega (í rafrænni könnun) og á kennarafundi fengu þeir niðurstöður úr svörum starfsmannanna um helstu kosti og galla



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

skólans. Síðan var starfsmönnum skipt í hópa til að fara yfir niðurstöðurnar, kortleggja helstu sóknarfæri í þróun skólans, gera tillögur að umbótum og raða þeim í forgangs röð.

### Verkáætlun og tímasetningar

|                |   |
|----------------|---|
| Allur veturinn | Viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk - Skólapúlsinn         |
| September      | Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk                           |
| Mars           | Viðhorfakönnun meðal foreldra - Skólapúlsinn                        |
| Apríl          | Viðhorfakönnun meðal starfsmanna - Skólapúlsinn                     |
| Maí            | Styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna – tillögur að umbótum |
| Apríl - júní   | Skýrsla samin og þróunaráætlun unnin fyrir næsta/næstu skólaár      |
| Júní           | Niðurstöður sjálfsmats kynntar                                      |

### **Matsspurningar**

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla auk skólastefnu Sunnulækjarskóla, grundvelli hans og leiðarljósi, eru eftirfarandi fimm matsspurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja og nánar verður getið um í næstu köflum. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

## 4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats Sunnulækjarskóla en þær byggjast á þeim gögnum sem að framan er getið. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær fimm matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar. Í lok hvers undirkafla eru niðurstöður dregnar saman.

### 4.1. Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:


- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorið 2013.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorið 2013.
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla 2013.

#### Stefna og stefnumörkun

Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur fram að skólinn hafi skýra stefnu og markmið og stjórnendur hans sterka faglega sýn.


#### Stjórnun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2013 kemur fram að ánægja starfsmanna með stjórnun skólans er svipuð að meðaltali og ánægja starfsmanna á landinu öllu.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Það sama er að segja um niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins en þar mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans sú sama að meðaltali og ánægja foreldra á landinu öllu.



Í svörum við opinni spurningu í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2013 kemur fram að sá þáttur sem starfsmenn eru einna ánægðastir með eða 30% þátttakenda eru góðir stjórnendur sem eru vinsamlegir og skilningsríkir.

Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur fram að almenn ánægja sé með skólann og stjórnun hans hjá starfsmönnum, nemendum, sveitarfélagi og foreldrum. Þá kemur einnig fram að skólanámskrá sé mjög skýr og skólinn hafi frá upphafi lagt áherslu á að meta starfið og sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 kemur fram að menntunarstig starfsmanna er svipað í skólanum og á landinu öllu. Hins vegar er meðalaldur kennara við skólann marktækt lægri en almennt gerist og meðalstarfsaldur einnig.

### Stefna og stjórnun – samantekt

| Sterkar hliðar  | Í jafnvægi<br>miðað við aðra skóla   | Veikar hliðar - sóknarfæri   |
|---|--|--|
| <b>Stefna og stefnumörkun</b>   |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Skýr stefna og markmið</li> <li>Sterk fagleg sýn stjórnenda</li> </ul>   |  |  |
| <b>Stjórnun</b>   |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Góðir stjórnendur að mati starfsmanna</li> <li>Skýr skólanámskrá</li> <li>Sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja foreldra og starfsmanna með stjórnun skólans</li> <li>Menntunarstig starfsmanna</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Meðalaldur kennara lágur*</li> <li>Meðalstarfsaldur kennara lágur*</li> </ul> |

\*Marktækur munur


## 4.2. Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorið 2013.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorið 2013.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2010 - 2013
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk, árin 2010 - 2012
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla 2013.

### Kennsla og kennsluhættir

Nokkrar spurningar í starfsmannakönnun Skólapúlsins snúa að kennsluháttum. Niðurstöður svaranna sýna að öllum bekknum er sjaldnar kennt í einu í Sunnulækjarskóla en almennt gerist og einstaklingsvinna í bekk þar sem nemendur vinna sjálfstætt, hópavinna og einstaklingsmiðuð kennsla er algengari í skólanum en að meðaltali á landinu öllu. Mestur munurinn er á einstaklingsmiðaðri kennslu, þar er mikill marktækur munur milli skóla og lands.




Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2013 leggja kennarar áherslu á að auka þurfi útivist nemenda og útikennslu skólaárið 2013 – 2014.


Þá kemur einnig fram að kortleggja þurfi mismunandi kennsluhætti á mismunandi svæðum og auka fjölbreytni í kennsluháttum unglingastigi.

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Ánægja foreldra í skólanum með nám og kennslu er svipuð og ánægja foreldra á landinu að meðaltali.




Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru mun ánægðari með þyngd námsefnisins en almennt gerist.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Mæling á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemendanna kemur svipað út í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu.




## **Stoðkerfi**

Hlutfall nemenda með sérkennslu er meira í skólanum en á landinu að meðaltali. Ánægja foreldra með sérkennsluna er svipuð í skólanum og almennt gerist.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun og hlutfall foreldra sem eru í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar fyrir nemandann er hærra í skólanum en á landinu að meðaltali.



Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2013 kemur fram að kennarar telja að aukinn stuðningur og sérkennsla eigi að vera eitt af forgangsverkefnum fyrir skólaárið 2013 – 2014.

Hlutfall foreldra í skólanum sem hafa óskað eftir sálfræðipjónustu fyrir barnið sitt á skólaárinu er það sama og á landinu. Allir foreldrar sem fengið hafa sálfræðipjónustu segjast ánægðir með hana á mótí 90% foreldra á landinu að meðaltali.




## Heimanám

Þegar borin eru saman svör kennara í Sunnulækjarskóla við svör kennara annars staðar á landinu um þann tíma sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku kemur marktækur munur fram. Kennarar í skólanum ætlast til 28 mínútna heimavinnu á viku af nemendum sínum að meðaltali á móti 43 mínútna heimavinnu annars staðar á landinu að meðaltali.




Hlutfall foreldra sem verja meira en 15 mínútum á dag í að aðstoða barnið við heimanám er svipaður í skólanum og á landinu.






# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Heldur fleiri foreldrum í Sunnulækjarskóla finnst heimavinna barnsins hæfileg en foreldrum almennt.




Í Skólapúlsinum er spurt um mikilvægi heimavinnu og nemendur spurðir hvort þeir klári heimavinnuna á réttum tíma, hvort kennararnir fari yfir heimvinnuna, hvort þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð og hvort heimavinna sé hluti af lokaekinn. Svör nemenda gefa vísbendingu um að mikilvægi heimavinnu er ekki eins mikið í skólanum og almennt á landinu þó niðurstaðan sé ekki afgerandi.




## Námsmat

Áhersla kennara í Sunnulækjarskóla á námsmat með hefðbundnum prófum er svipuð og kennara í öðrum skólum að eigin mati. Hins vegar er áhersla þeirra marktækt minni á námsmat með öðru en hefðbundnum prófum, t.d. jafningjamati, sjálfsmati nemenda eða mati frá foreldrum.



Hlutfall foreldra í skólanum sem telur að hæfileg áhersla sé á hefðbundið námsmat með prófum er svipað og annars staðar en fleiri foreldrum í Sunnulækjarskóla finnst hæfileg áhersla lögð á annað námsmat en hefðbundin próf en á landinu að meðaltali.




Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2013 leggja kennarar áherslu á að þróa námsmat enn frekar á skólaárinu 2013 – 2014, meðal annars með því að innleiða námsframvindu Mentors í öllum skólanum og auka fjölbreytni námsmatsaðferða.

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013


## Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu

Skólapúlsinn mælir **virkni nemenda í skólanum og viðhorf þeirra** til ýmissa þátta námsins.

Ánægja af lestri mælist svipuð í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu.




Trú nemenda á að þeir hafi stjórn á eigin árangri var heldur minni í Sunnulækjarskóla en á landsvísu en munurinn hefur minnkað á liðnu skólaári.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Þrautseigja í námi mældist heldur minni í skólanum en á landsvísu á árunum 2010 – 2012 en á þessu skólaári mældist hún svipuð og á landinu öllu að meðaltali.




Áhugi á stærðfræði mældist einnig heldur minni í skólanum en á landsvísu á árunum 2010 – 2012 en á þessu skólaári mældist hún svipuð og á landinu öllu að meðaltali.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Persónulegt gildi náttúruvísinda hefur aukist í Sunnulækjarskóla á milli ára og er nú svipað og á landinu öllu að meðaltali.




Þátttaka í íþróttum og/eða líkamsrækt er svipuð í Sunnulækjarskóla og á landsvísu.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er svipuð og á landinu öllu að meðaltali.



Trú nemenda á eigin námsgetu hefur heldur aukist á milli ára og er svipuð og almennt gerist á landinu.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

### Virkni nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2012 – 2013 eru borin saman við svör jafnaldra þeirra á landsvísu varðandi virkni í skólanum, kemur í ljós að þrír þættir af átta koma lakar út í 9. bekk í Sunnulækjarskóla en í 9. bekk á landinu almennt og tveir þættir koma lakar út í 7. og 10. bekk. Viðhorf nemenda í 8. bekk eru svipuð í skólanum og á landinu að meðaltali í öllum þáttum en tveir þættir koma betur út í 6. bekk í skólanum en á landinu almennt.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Ólitaður reitur táknar minni mun en 0,5.

|                                  | 6. b.<br>(f. 2001) | 7. b.<br>(f. 2000) | 8. b.<br>(f. 1999) | 9. b.<br>(f. 1998) | 10. b.<br>(f. 1997) |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|---------------------|
| Ánægja af lestri                 | - 0,3              | - 0,5              | - 0,1              | - 0,7              | + 0,3               |
| Stjórn á eigin árangri           | + 0,3              | - 0,3              | - 0,3              | - 0,4              | - 0,7               |
| Þrautseigja í námi               | + 0,1              | - 0,2              | + 0,4              | - 0,5              | - 0,4               |
| Áhugi á stærðfræði               | - 0,3              | - 0,5              | + 0,1              | - 0,4              | + 0,2               |
| Persónulegt gildi náttúruvísinda | - 0,3              | - 0,4              | - 0,3              | - 0,4              | + 0,3               |
| Íþróttir / líkamsrækt            | + 0,6              | + 0,3              | 0                  | + 0,1              | - 0,8               |
| Trú á eigin vinnubrögðum í námi  | + 0,1              | - 0,2              | + 0,2              | - 0,6              | + 0,2               |
| Trú á eigin námsgetu             | + 0,5              | + 0,2              | - 0,3              | + 0,1              | + 0,2               |

Breyting hefur orðið til batnaðar frá því á síðasta skólaári á virkni nemenda en þá komu 12 þættir lakar út í Sunnulækjarskóla en að meðaltali á landinu en 7 nú í ár. Mestu munar á árgangi '98 sem kom þá verr út í öllum þáttum nema einum.

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

### Virgni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru borin saman sést að stelpur hafa meiri ánægju af lestri en strákar, þær sýna meiri þrautseigju í námi og hafa meiri trú á eigin vinnubrögðum í námi en þeir. Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru borin saman við svör kynjanna á landinu öllu kemur hins vegar lítill munur í ljós.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.


|                                  | Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla |         | Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu |         |
|----------------------------------|---|---------|---|---------|
|                                  | Stelpur   | Strákar | Stelpur   | Strákar |
| Ánægja af lestri                 | + 0,7   | - 0,7   | - 0,4   | - 0,2   |
| Stjórn á eigin árangri           | + 0,3   | - 0,3   | - 0,2   | - 0,4   |
| Þrautseigja í námi               | + 0,8   | - 0,8   | - 0,1   | - 0,2   |
| Áhugi á stærðfræði               | + 0,2   | - 0,2   | - 0,2   | - 0,2   |
| Persónulegt gildi náttúruvísinda | + 0,1   | - 0,1   | - 0,1   | - 0,3   |
| Íþróttir / líkamsrækt            | - 0,2   | + 0,2   | + 0,3   | - 0,1   |
| Trú á eigin vinnubrögðum í námi  | + 0,7   | - 0,7   | 0   | - 0,1   |
| Trú á eigin námsgetu             | + 0,3   | - 0,3   | + 0,1   | + 0,4   |

Breyting hefur orðið til batnaðar frá því á síðasta skólaári í þessu tilliti því þá höfðu bæði stelpur og strákar í skólanum minni trú á að hafa stjórn á eigin árangri og áhuga á stærðfræði en jafnaldrar þeirra á landinu og strákar minni þrautseigju í námi en strákar á landsvísu. Þessi munur er ekki lengur til staðar.



### Aðstaða nemenda og námsumhverfi

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er marktækt meiri en ánægja foreldra á landinu að meðaltali. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómsundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis.



Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2013 kemur fram að sá þáttur sem foreldrar eru óánægðastir með eru opin svæði en 16% þátttakenda nefndu þau sérstaklega.

Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2013 leggja kennarar áherslu á að gæta þurfi að því að nemendahópar verði ekki of stórir, hvorki í umsjónarbekkjum né í smiðjuhópum.


Kennarar telja að forgangsverkefni númer eitt fyrir skólaárið 2013 – 2014 eigi að vera að tæknivæða skólann. Þá leggja þeir einnig áherslu á að bæta vinnuaðstöðu kennara, bæði inni af kaffistofu starfsmanna og aðstöðu íþróttakennara bæði í íþróttum og sundi.

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013


## Námsárangur

Meðaltal námsárangurs nemenda í Sunnulækjarskóla í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk ásamt samanburðartölum frá Suðurlandi og landinu í heild sinni frá árinu 2010 er sýnd í eftirfarandi töflum:

Útkoma í stærðfræði í 4. bekk hefur verið mjög góð undanfarin tvö ár en hún var betri en á Suðurlandi og á landinu í heild að meðaltali bæði árin.




Útkoma í íslensku í 4. bekk hefur einnig verið góð undanfarin ár en haustið 2012 var hún betri í Sunnulækjarskóla en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild að meðaltali.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnuækjarskóla 2012 - 2013

Útkoma í stærðfræði í 7. bekk er lakari en útkoman á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali, annað árið í röð.




Íslenska í 7. bekk kemur einnig lakar út en íslenska á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali og hefur árangurinn í íslensku í 7. bekk farið dalandi undanfarin þrjú ár.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Árangur í stærðfræði í 10. bekk í Sunnulækjarskóla er lakari en á Suðurlandi og á landinu í heild og hefur verið það undanfarin þrjú ár.




Árangur í íslensku í 10. bekk í Sunnulækjarskóla árið 2010 er lakari en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild, árið 2011 er árangurinn betri en á Suðurlandi og jafn landsmeðaltalinu en árið 2012 er hann lakari en landsmeðaltalið en jafn Suðurlandsmeðaltali.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Niðurstaða samræmdra prófa í ensku í 10. bekk Sunnulækjarskóla er lakari en á Suðurlandi og á landinu öllu árin 2010 og 2012 en var jöfn Suðurlandsmeðaltalinu árið 2011.



Í úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla vorið 2011 kemur fram að skoða þurfi betur í ástæður lakrar frammistöðu nemenda á samræmdum prófum.

### Nám og kennsla – samantekt

| Sterkar hliðar  | Í jafnvægi<br>miðað við aðra skóla  | Veikar hliðar - sóknarfæri |
|---|---|----------------------------|
| <b>Kennsla og kennsluhættir</b>   |   |                            |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Einstaklingsvinna í bekk</li> <li>Hópavinna í bekk</li> <li>Einstaklingsmiðuð kennsla*</li> <li>Hæfileg þyngd námsefnis að mati foreldra</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja með nám og kennslu meðal foreldra</li> <li>Skólinn mætir þörfum nemenda að mati foreldra</li> </ul> |                            |
| <b>Stoðkerfi</b>  |   |                            |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu</li> <li>Hlutfall nemenda í sérkennslu með einstaklingsáætlun</li> <li>Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun</li> <li>Ánægja með sálfræðiþj.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja foreldra með sérkennslu</li> <li>Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu</li> </ul> |                            |

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

| <b>Heimanám</b>   |  |  |
|---|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Hæfileg heimavinna að mati foreldra</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám</li> <li>Mikilvægi heimavinnu að mati nemenda</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Lítill tími sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimanám *</li> </ul>   |
| <b>Námsmat</b>  |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja foreldra með áherslur skólans á annað námsmat en próf</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall kennara sem nota hefðbundið námsmat</li> <li>Ánægja foreldra með áherslur skólans á hefðbundið námsmat</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall kennara sem nota annað námsmat en hefðbundin próf *</li> </ul>   |
| <b>Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu</b>  |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Íþróttir/líkamsrækt í 6. bekk</li> <li>Trú á eigin námsgetu í 6. bekk</li> <li>Virgni og viðhorf nemenda hafa batnað á milli ára í fimm atriðum af átta</li> <li>Samanburður á kynjunum í skólanum og á landinu koma betur út nú en í fyrra</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja af lestri</li> <li>Stjórn á eigin árangri</li> <li>Þrautseigja í námi</li> <li>Áhugi á stærðfræði</li> <li>Persónulegt gildi náttúruvísinda</li> <li>Íþróttir/líkamsrækt</li> <li>Trú á eigin vinnubrögð í námi</li> <li>Trú á eigin námsgetu</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja af lestri í 7. og 9. b.</li> <li>Stjórn á eigin árangri í 10. bekk</li> <li>Þrautseigja í námi í 9. bekk</li> <li>Áhugi á stærðfræði í 7. b.</li> <li>Íþróttir/líkamsrækt í 10. b.</li> <li>Trú á eigin vinnubrögð í námi í 9. bekk</li> </ul> |
| <b>Aðstaða nemenda og námsumhverfi</b>  |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum *</li> </ul>  |  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Stórir hópar, þrengsli og áreiti á sumum svæðum að mati kennara</li> <li>Nauðsynlegt að tæknivæða skólann að mati kennara</li> </ul>  |
| <b>Námsárangur</b>  |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Stærðfræði í 4. bekk</li> <li>Íslenska í 4. bekk</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Íslenska í 10. bekk</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Stærðfræði í 7. bekk</li> <li>Íslenska í 7. bekk</li> <li>Stærðfræði í 10. bekk</li> <li>Enska í 10. bekk</li> </ul>  |

\* Marktækur munur


## 4.3. Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorið 2013.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2010 – 2013

### Líðan nemenda í skólanum

Almennt líður nemendum vel í skóla að mati foreldra og foreldrar barna í Sunnulækjarskóla eru ánægðari með líðan barna sinna en foreldrar á landinu að meðaltali, bæði í skólanum almennt, í kennslustundum og í frímínútum. Alls segja 99% foreldra í Sunnulækjarskóla að börnum þeirra líði vel í skólanum almennt og er það hæsta skor sem skóli af þessari stærð fær í foreldrakönnunum Skólapúlsins.




Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2013 nefna 14% foreldra að það sem þeim finnst best við skólann sé vellíðan nemenda.


Í Skólapúlsinum er spurt um ýmsa þætti sem snerta líðan nemenda eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíða.

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að nemendur Sunnulækjarskóla höfðu heldur minna sjálfsálit en samanburðarhópurinn á undanförunum tveimur árum en mælingar sýna svipaða útkomu í ár í skólanum og á landinu öllu.




Það sama er að segja um trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi. Nemendur Sunnulækjarskóla komu ívið verr út en nemendur á landsvísu en útkoma úr þessum þætti hefur batnað og mælist nú svipuð og á landsvísu.






# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Vanlíðan mælist svipuð meðal nemenda í Sunnulækjarskóla og meðal nemenda á landsvísu.



Kvíði mælist svipaður meðal nemenda í Sunnulækjarskóla á þessu skólaári og meðal samanburðarhópsins og minnkar frá því sem áður var.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

### Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2012 – 2013 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra hvað varðar sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíða. Einkum er áberandi að nemendum í 10. bekk virðist ekki líða eins vel og jafnöldrum þeirra á landsvísu.

(Grænn litur táknar betri útkomu / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari útkomu / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

|                     | 6. b.<br>(f. 2001) | 7. b.<br>(f. 2000) | 8. b.<br>(f. 1999) | 9. b.<br>(f. 1998) | 10. b.<br>(f. 1997) |
|---------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|---------------------|
| Sjálfsálit          | + 0,2              | + 0,2              | - 0,1              | - 0,6              | - 0,6               |
| Stjórn á eigin lífi | + 0,1              | - 0,3              | + 0,1              | - 0,2              | - 0,6               |
| Vanlíðan            | + 0,2              | + 0,1              | + 0,3              | + 0,1              | - 0,4               |
| Kvíði               | + 0,6              | - 0,4              | + 0,7              | - 0,1              | - 1,0               |

Breyting hefur orðið til batnaðar á þessum þáttum frá því á síðasta skólaári. Þá komu sjö þættir verr út en á landvísu á móti fjórum í ár. Þá kom enginn þáttur betur út í skólanum en á landinu en tveir á þessu skólaári. Einkum er áberandi að nemendum fæddum '98 líður betur en áður og nemendum fæddum '97 verr er áður.

### Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2012 – 2013 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra. Í öllum fjórum þáttunum sem mæla líðan nemenda koma stúlkur verr út en strákar og virðast einnig vera kvíðnari en jafnöldur þeirra annars staðar á landinu.


(Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

|                     | Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla |         | Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu |         |
|---------------------|---|---------|---|---------|
|                     | Stelpur   | Strákar | Stelpur   | Strákar |
| Sjálfsálit          | - 1,2   | + 1,2   | - 0,4   | + 0,1   |
| Stjórn á eigin lífi | - 0,6   | + 0,6   | - 0,3   | - 0,1   |
| Vanlíðan            | - 1,0   | + 1,0   | - 0,3   | + 0,3   |
| Kvíði               | - 1,9   | + 1,9   | - 0,5   | + 0,3   |

Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu kemur betur út nú en á síðasta skólaári en þá mældist meiri vanlíðan hjá stelpum í skólanum en hjá jafnöldrum þeirra og meiri kvíði hjá strákum í skólanum en hjá strákum á landinu almennt.


## Skóla- og bekkjarandi

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er svipuð og ánægja foreldra í öðrum skólum.




Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt um hvort þeim líði eins og þeir séu skildir útundan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyri hópnum, passi ekki við hina, hvort öðrum líki vel við þá og hvort þeir séu einmana.

Samsömun nemenda við nemendahópinn er svipuð hjá nemendum í Sunnulækjarskóla að meðaltali og hjá öðrum nemendum sem taka þátt í Skólapúlsinum.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir. Viðhorf nemenda í Sunnulækjarskóla til sambands þeirra við kennara er svipað að meðaltali og jafnaldra þeirra.




Skólapúlsinn mælir einnig viðhorf nemenda til stuðnings kennara við þá eða hvort kennarar sýni áhuga á námi sérhvers nemanda, veiti auka aðstoð ef á þarf að halda, útskýri og hlusti. Stuðningur kennara við nemendur mælist svipaður og hjá samanburðarhópnum.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Í Skólapúlsinum er einnig mæld virg þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.

Öll þrjú skólaárin mælist virg þátttaka nemenda í Sunnulækjarskóla í tímum vera svipuð og hjá samanburðarhópnum.



### Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2012 – 2013 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra hvað varðar þá þætti sem snerta skóla- og bekkjaranda. 6. og 7. bekkur skólans koma svipað út og jafnaldrar þeirra á landinu, 8. bekkur kemur betur út í þremur þáttum af fjórum en á landsvísu og 9. og 10. bekkur koma verr út í tveimur af fjórum þáttum miðað við sömu árganga annars staðar á landinu.

(Grænn litur táknar betri útkomu / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari útkomu / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

|                                 | 6. b.<br>(f. 2001) | 7. b.<br>(f. 2000) | 8. b.<br>(f. 1999) | 9. b.<br>(f. 1998) | 10. b.<br>(f. 1997) |
|---------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|---------------------|
| Samsömun við nemendahópinn      | - 0,1              | 0                  | - 0,4              | 0                  | - 0,7               |
| Samband nemenda við kennara     | - 0,2              | - 0,3              | + 0,8              | - 0,5              | - 0,1               |
| Stuðningur kennara við nemendur | - 0,4              | + 0,1              | + 0,5              | - 0,1              | 0                   |
| Virg þátttaka nemenda í tímum   | - 0,3              | 0                  | + 0,6              | - 0,8              | - 0,7               |

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

## Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli kynja


Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2012 – 2013 eru skoðuð sést að samsömun við nemendahópinn er minni hjá stelpum en strákam í skólanum og einnig ef miðað er við stelpur almennt á landinu. Þá eru stelpur í betra sambandi við kennara í skólanum en strákar.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

|                                 | Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla |         | Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu |         |
|---------------------------------|---|---------|---|---------|
|                                 | Stelpur   | Strákar | Stelpur   | Strákar |
| Samsömun við nemendahópinn      | - 1,3   | + 1,3   | - 0,6   | + 0,2   |
| Samband nemenda við kennara     | + 0,5   | - 0,5   | 0   | - 0,3   |
| Stuðningur kennara við nemendur | 0   | 0       | 0   | 0       |
| Virk þátttaka nemenda í tímum   | + 0,4   | - 0,4   | - 0,1   | - 0,4   |


## Agamál

Hærra hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla telja aga í skólanum hæfilegan en foreldrar gera almennt.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum svipaður í Sunnulækjarskóla og í öðrum skólum að meðaltali.




## Einelti

Umfang eineltis er mjög svipað í Sunnulækjarskóla og í skólum annars staðar á landinu að meðaltali að mati foreldra.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Hins vegar eru foreldrar í skólanum mun ánægðari en foreldrar á landsvísu með úrvinnslu skólans í eineltismálum, hraða á úrvinnslu eineltismála og eineltisáætlun skólans.




Að mati nemenda er tíðni eineltis svipað í skólanum og á landsvísu og virðist fara minnkandi milli ára.





## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Samkvæmt svörum foreldra er minna einelti í Sunnulækjarskóla en í öðrum skólum á landsvísu í kennslustundum, í hádegisstund og í íþróttatímum en hins vegar meira í frímínútum innandyra og á leið til og frá skóla.



### Einelti – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna í skólanum eru borin saman við svör sömu árganga á landinu kemur í ljós að minna einelti er í 7. bekk Sunnulækjarskóla en í sama árgangi á landsvísu.

(Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

|         | 6. b.<br>(f. 2001) | 7. b.<br>(f. 2000) | 8. b.<br>(f. 1999) | 9. b.<br>(f. 1998) | 10. b.<br>(f. 1997) |
|---------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|---------------------|
| Einelti | + 0,1              | + 0,5              | - 0,2              | + 0,1              | 0                   |

### Einelti – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru skoðuð sést að strákar verða síður fyrir einelti en stelpur í skólanum og einelti meðal stráka í skólanum er minna en meðal stráka almennt á landinu.

(Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

|         | Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla |         | Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu |         |
|---------|---|---------|---|---------|
|         | Stelpur   | Strákar | Stelpur   | Strákar |
| Einelti | - 1,2   | + 1,2   | - 0,2   | + 0,5   |

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

## Líðan nemenda - samantekt

| Sterkar hliðar   | Í jafnvægi<br>miðað við aðra skóla   | Veikar hliðar - sóknarfæri   |
|--|--|--|
| <b>Líðan nemenda í skólanum</b>  |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Vellíðan nemenda í skólanum almennt, í kennslustundum og í frímínútum að mati foreldra</li> <li>Lítill kvíði í 6. og 8. bekk</li> <li>Líðan nemenda hefur batnað á milli ára</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Sjálfsálit nemenda</li> <li>Stjórn á eigin lífi</li> <li>Vanlíðan</li> <li>Kvíði</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Sjálfsálit í 9. og 10. bekk</li> <li>Stjórn á eigin lífi í 10. bekk</li> <li>Stelpum líður almennt verr en strákuum í skólanum</li> <li>Stelpur í skólanum kvíðnari en á landinu</li> </ul>     |
| <b>Skóla- og bekkjarandi</b>   |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Samband nemenda við kennara í 8. bekk</li> <li>Stuðningur kennara við nemendur í 8. bekk</li> <li>Virk þátttaka í tímum í 8. bekk</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Samskipti starfsfólks við nemendur að mati foreldra</li> <li>Samsömun við nemendahópinn</li> <li>Samband nemenda við kennara</li> <li>Stuðningur kennara við nemendur</li> <li>Virk þátttaka í tímum</li> </ul>       | <ul style="list-style-type: none"> <li>Samsömun við nemendahópinn í 10. bekk</li> <li>Samband nemenda við kennara í 9. bekk</li> <li>Virk þátttaka í tímum í 9. og 10. bekk</li> <li>Samsömun við nemendahópinn hjá stelpum</li> </ul> |
| <b>Agamál</b>  |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Hæfilegur agi að mati foreldra</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Agi í tímum að mati nemenda</li> </ul>  |  |
| <b>Einelti</b>   |  |  |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Úrvinnsla skólans í eineltismálum</li> <li>Hraði úrvinnslu í eineltismálum</li> <li>Eineltisáætlun skólans *</li> <li><u>Minni tíðni eineltis samanborið við landið:</u><br/>Í kennslustundum<br/>Í hádegisstund<br/>Í íþróttatímum</li> <li>Lítið einelti í 7. bekk</li> <li>Lítið einelti meðal stráka</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Umfang eineltis að mati foreldra</li> <li>Tíðni eineltis að mati nemenda</li> <li><u>Svipuð tíðni eineltis samanborið við landið:</u><br/>Í frímínútum á skólalóð<br/>Í búningaklefum<br/>Á netinu eða GSM</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li><u>Hærrí tíðni eineltis samanborið við landið:</u><br/>Í frímínútum innandyra<br/>Á leið til og frá skóla</li> </ul>  |

\* Marktækur munur


## 4.4. Starfsánægja starfsmanna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:


- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorið 2013.
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla 2013.

### Aðgengi að upplýsingum og sérfræðipjónustu

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 kemur fram að ánægja starfsmanna með upplýsingastreymi innan skólans er svipuð og ánægja starfsmanna í öðrum skólum að meðaltali.




Aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgangur að ráðgjöf sérfræðinga vegna nemenda með náms- og/eða hegðunarerfiðleika eru svipaðir og í öðrum skólum. Faglegur stuðningur skólustjóra í samskiptum við kennara er meiri en almennt gerist og er sá munur marktækur.




## Ábyrgð og áskoranir í starfi

Samkvæmt Skólapúlsinum er lýðræðisleg dreifing valds eða þátttaka starfsfólks í umræðum og ákvörðunum marktækt meiri en almennt gerist. Það sama er að segja um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur en þar liggja að baki svör starfsmanna um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla af reynslu.




## Samvinna og teymisvinna

Í könnun Skólapúlsins er spurt hvar kennarar undirbúi kennsluna. Um 74% kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en 62% kennara í öðrum skólum.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013


Þá eru kennarar spurðir um ýmislegt sem varðar samráð um kennsluna eins og samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundir, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samkvæmt niðurstöðum úr þessum spurningum hafa kennarar skólans marktækt meiri samráð um kennsluna en kennarar annarra skóla að meðaltali. Að síðustu eru kennarar spurðir um þætti sem snerta samvinnu um kennslu eins og tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Í þeim þáttum koma kennarar skólans svipað út og kennarar á landinu öllu.



Í svörum við opinni spurningu í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2013 kemur fram að starfsmenn eru ánægðir með samvinnu sín á milli og teymisvinnuna.


### Starfsaðstaður

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 er spurt um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Niðurstöður þeirra spurninga sýna ekki mikinn mun á viðhorfum starfsmanna skólans og starfsmanna í öðrum skólum til þeirra þátta.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

En þegar borin eru saman svör kennara og annarra starfsmanna í skólanum kemur í ljós að kennarar eru mun óánægðari með þessa þætti en aðrir starfsmenn skólans.




Í svörum við opinni spurningu í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2013 kemur fram að sá þáttur sem starfsmenn eru óánægðastir með er ýmis konar aðstaða eða aðstöðuleysi, eins og skortur á tölum og tækjum, opin svæði, of stórir nemendahópar og þrengsli á kennslusvæðum. Um 72% þátttakenda nefndu þennan þátt sem helsta ókost skólans.

Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2013 kemur fram að kennarar telja að forgangsverkefni númer eitt fyrir skólaárið 2013 – 2014 eigi að vera að tæknivæða skólann.


### Starfsbróun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru kennarar beðnir um að meta færni sína, árangur í starfi og samskipti sín við aðra kennara. Trú kennara skólans á eigin getu er samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga svipuð og trú kennara annars staðar á landinu.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Þá eru kennarar spurðir hvort þeir fái mat og endurgjöf árlega eða oftar, frá skólastjórnendum, öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Umfang mats og endurgjafar virðist vera heldur meiri í skólanum en almennt gerist.




Einnig kemur fram að kennarar skólans virðast nýta betur niðurstöður mats og endurgjafar en kennarar í öðrum skólum gera að meðaltali og er um marktækan mun að ræða.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Í starfsmannakönnuninni eru kennarar spurðir um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ýmsum sviðum, eins og á aðalnámskrá, námsmati, skipulagningu kennslustunda, aðalnámshæfni þeirra, nýjungum í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendum með sérþarfir, hegðunar- og agamálum, fjölmenningsumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarfi. Kennarar skólans telja þörf sína fyrir símenntun vera nokkuð meiri en kennarar annarra skóla.




Hins vegar sýna niðurstöður að kennarar skólans hefðu ekki viljað taka þátt í meiri símenntun en kennarar annars staðar á landinu þrátt fyrir að telja sig hafa meiri þörf fyrir hana.






## Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar

Starfsmannakönnun Skólapúlsins kannar ýmsa þætti sem snerta starfsánægju, m.a. tilgang starfsins, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og hvort starfsmenn hugsji sér að vera áfram í starfinu. Viðhorf starfsmanna skólans eru ekki mjög frábrugðin viðhorfum starfsmanna í öðrum skólum samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga.




Starfsandinn innan skólans; samvinna, jafnræði, ímynd og móttöka nýliða er aftur á móti betri en almennt gerist og er munurinn marktækur.



## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Þegar svör kennara og annarra starfsmanna eru borin saman kemur hins vegar í ljós að viðhorf hópanna eru talsvert mismunandi. Kennarar telja starfsandann mun betri en annað starfsfólk skólans.



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er spurt í opinni spurningu um hvað starfsmönnum þyki gott við skólann. Góður starfsandi er sá þáttur sem starfsmenn nefna oftast sem helsta kost skólans eða 62% þátttakenda.

Ánægja með kennarastarfið er svipuð meðal kennara skólans og meðal kennara í öðrum skólum samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar.

# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

## Starfsánægja starfsmanna – samantekt

| Sterkar hliðar  | Í jafnvægi<br>miðað við aðra skóla  | Veikar hliðar - sóknarfæri  |
|---|---|---|
| <b>Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð</b>   |   |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara *</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Upplýsingastreymi</li> <li>Aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofu</li> <li>Aðgangur kennara að ráðgjöf sérfræðinga vegna nemenda með náms- og/eða hegðunarerfiðleika</li> </ul> |   |
| <b>Ábyrgð og áskoranir í starfi</b>   |   |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Valddreifing við ákvarðanatöku *</li> <li>Samvinna um skólaþróun og umbætur *</li> </ul>                                     |   |   |
| <b>Samvinna og teymisvinna</b>  |   |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Undirbúningur kennslu í skólanum</li> <li>Samráð um kennslu *</li> <li>Ánægja kennara með samvinnu og teymisvinnu</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Samvinna um kennslu</li> </ul>   |   |
| <b>Starfsaðstæður</b>   |   |   |
|   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsaðstæður almennt</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsaðstæður að mati kennara</li> <li>Skortur á tölum og tækjum</li> </ul> |
| <b>Starfsþróun</b>  |   |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýting á niðurstöðum kennaramats *</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Trú kennara á eigin getu</li> <li>Umfang mats og endurgjafar á störfum kennara</li> <li>Vilji kennara til símenntunar</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Símenntunarþörf kennara</li> </ul>   |
| <b>Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar</b>   |   |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsandi*</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsánægja</li> <li>Ánægja kennara með kennarastarfið</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Minni ánægja með starfsandann hjá öðru starfsfólki en kennurum</li> </ul>    |

\* Marktækur munur


## 4.5. Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:


- Úttekt menntamálaráðuneytisins vorið 2011
- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorið 2013.

### Upplýsingagjöf

Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins er upplýsingamiðlun til foreldra eða tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda á svipuðum nótum og almennt gerist.




Þá kemur fram að foreldrar eru marktækt ánægðari með gagnsemi heimasíðu skólans en foreldrar á landsvísu.




## Samvinna og samskipti við starfsmenn

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi minna en í öðrum skólum að meðaltali.



Almennt eru foreldrar ánægðir með foreldraviðtölin og mælist ánægja foreldra í Sunnulækjarskóla svipuð og ánægja foreldra annars staðar á landinu.




Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að sá þáttur sem foreldrar eru ánægðastir með eða 48% þátttakenda er gott starfsfólk og flestir nefna sérstaklega góða samvinnu og samskipti við starfsfólkið. Þá nefna 18% þátttakenda að góður andi ríki í skólanum og að foreldrar mæti góðu viðmóti frá starfsfólki.


Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að foreldrastarf sé öflugt og góð samvinna sé milli heimila og skóla.

## Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið

Áhrif foreldra á ákvarðanir sem varða nemendur virðast heldur meiri í Sunnulækjarskóla en almennt gerist.




Í foreldrakönnuninni kemur fram að þeir foreldrar í skólanum sem hafa einu sinni eða oftar tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu, t.d. við að setja markmið um heimanám eða námsárangur eru færri en í öðrum skólum að meðaltali. Eins virðist foreldrum barna í skólanum ekki þykja þátttaka í gerð námsáætlana eins mikilvæg og foreldrum þykir almennt og kemur þar fram marktækur munur.




# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Mæling á virgni foreldra í námi barna sinna sýnir marktækt minni virkni foreldra barna í skólanum en foreldra almennt að meðaltali.




Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið er svipuð og annars staðar en vilji nemenda til að leita eftir aðstoð foreldra sinna er marktækt minni en annars staðar á landinu.




## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns eru marktækt minni en væntingar foreldra annars staðar á landinu. Um 66% foreldra barna í Sunnulækjarskóla hafa væntingar um að barnið ljúki háskólanámi á móti 79% foreldra á landinu öllu að meðaltali. Einnig er menntunarstig foreldra lægra í skólanum en almennt gerist, 52% barna eiga a.m.k. annað foreldrið með háskólamenntun á móti 66% barna að meðaltali.



### *Pjónusta við nemendur og foreldra*


Ánægja foreldra með tómstundapjónustu / frístundaheimili er svipuð og almennt gerist.






## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

Hins vegar er hlutfall foreldra sem nýta sér þjónustuna marktækt lægri í Sunnulækjarskóla en annars staðar á landinu að meðaltali. Flestir þeirra sem nýta þjónustuna ekki segja ástæðuna vera þá að þeir þurfi ekki á henni að halda.



Notkun á mótuneyti og ánægja foreldra með máltíðirnar eru mun meiri en almennt gerist og er munurinn marktækur milli skóla og lands. Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti eru hvergi eins miklar í skólum af svipaðri stærðargráðu og í Sunnulækjarskóla



# Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

## Samvinna heimila og skóla - samantekt

| Sterkar hliðar   | Í jafnvægi<br>miðað við aðra skóla   | Veikar hliðar - sóknarfæri  |
|--|--|---|
| <b>Upplýsingagjöf</b>  |  |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimasíða skólans *</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplýsingamiðlun til foreldra</li> </ul>                                |   |
| <b>Samvinna og samskipti við starfsmenn</b>  |  |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gott starfsfólk að mati foreldra</li> <li>• Góð samvinna og samskipti við starfsfólk</li> <li>• Góður andi í skólanum</li> <li>• Foreldrastarf</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldraviðtöl</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi</li> </ul>  |
| <b>Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið</b>   |  |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana</li> <li>• Mikilvægi þátttöku í gerð námsáætlana að mati foreldra *</li> <li>• Virkni foreldra í námi barna sinna *</li> <li>• Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu *</li> <li>• Væntingar foreldra um menntunarstig barnanna *</li> <li>• Menntunarstig foreldra</li> </ul> |
| <b>Þjónusta</b>  |  |   |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Notkun á mötuneyti *</li> <li>• Ánægja með máltíðir í mötuneyti *</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tómstundaþjónusta / frístundaheimili</li> </ul>                         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall nemenda í tómstunda/frístundaheimili*</li> </ul>  |

\* Marktækur munur

### 5. Umræða

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið. Hér verður reynt að svara þessum spurningum út frá þeim gögnum sem liggja fyrir og koma fram hér að framan.

#### 1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Skólinn hefur skýra stefnu og stjórnendur hans hafa sterka faglega sýn. Skólanámskrá er skýr og sjálfsmatsskýrslur liggja fyrir. Almenn ánægja er með stjórnun og stjórnendur skólans bæði meðal foreldra og starfsmanna.

#### 2. Eru kennsluáðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?

Í Sunnulækjarskóla er tiltölulega lítið um hefðbundna kennslu þar sem öllum bekknum er kennt það sama á sama tíma. Einstaklingsvinna nemenda samkvæmt markmiðum, hópavinna og einkum og sér í lagi einstaklingsmiðuð kennsla er áberandi einkenni á skólanum. Vilji er meðal kennara til að endurskoða og þróa kennsluhætti á unglingsstigi. Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum eru jákvæð. Þeir telja að skólinn mæti þörfum nemendanna og að námsefnið sé hæfilega þungt.

Almennt ríkir ánægja með stoðkerfið í skólanum. Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu er tiltölulega hátt miðað við aðra skóla, það sama má segja um hlutfall nemenda í sérkennslu sem eru með einstaklingsáætlun og hlutfall foreldra sem eru í samstarfi við skólann um gerð einstaklingsáætlunar. Foreldrar eru ánægðir með sérkennslu og sálfræðipjónustu.

Ekki er lögð mikil áhersla á heimanám í skólanum að mati kennara en foreldrar telja heimanámið vera hæfilega mikið og þeir verja svipuðum tíma í að hjálpa börnum sínum við það og í öðrum skólum.

Hlutfall kennara sem nota hefðbundið námsmat er svipað og almennt gerist en hins vegar er minna um að notaðar séu aðrar námsmatsaðferðir en hefðbundin próf. Kennarar hafa áhuga á að þróa námsmatsaðferðir skólans og koma á fjölbreyttara námsmati. Foreldrar eru ánægðir námsmatið í skólanum.

Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu hafa batnað umtalsvert á milli ára, m.a. tilfinning nemenda fyrir því að hafa stjórn á eigin árangri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði og trú á eigin námsgetu. Allir þættirnir sem falla undir þennan flokk koma svipað út í skólanum og á landinu öllu að meðaltali þó einstaka þættir víki frá, hjá ákveðnum árgöngum.

Foreldrar eru mjög ánægðir með aðstöðu og námsumhverfi nemenda almennt en þó kemur nokkur gagnrýni fram á opnu kennslusvæðin. Sterkari gagnrýni kemur hins vegar fram hjá kennurum sem telja að stórir nemendahópar, þrengsli og áreiti á sumum opnum svæðum séu veikar hliðar á skólstarfinu.

Námsárangur í samræmdum prófum hefur verið heldur slakur á undanförunum árum en hefur farið batnandi einkum í 4. bekk. Á þessu skólaári var árangurinn í 4. bekk, bæði í stærðfræði og íslensku, betri en á Suðurlandi og á landinu í heild. Árangur í íslensku í 10. bekk hefur einnig verið góður undanfarin tvö ár, yfir Suðurlandsmeðaltali og jafn landsmeðaltali í fyrra og jafn Suðurlandsmeðaltali í ár. Hins vegar er útkoman á þessu ári lægri en bæði Suðurlandsmeðaltalið og landsmeðaltalið í íslensku og stærðfræði í 7. bekk og í stærðfræði og ensku í 10. bekk.

### **3. Líður nemendum vel í skólanum?**

Nemendum líður mjög vel í skólanum að mati foreldra. Að mati nemendanna sjálfra hefur líðan þeirra batnað verulega á milli ára. Sjálfsálit, tilfinningin fyrir að hafa stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíði mælast mjög svipuð í skólanum nú og almennt gerist á landinu. Samkvæmt mælingum Skólapúlsins líður strákum að jafnaði betur í skóla en stelpum og það sama á við í Sunnulækjarskóla. Enn mælast þó stelpur í skólanum kvíðnari en jafnöldur þeirra á landsvísu.

Skóla- og bekkjarandi er yfirleitt góður. Samskipti starfsfólks við nemendur, samband nemenda við kennara og stuðningur kennara við nemendur eru góð og mælast svipuð og gerist annars staðar á landinu. Það sama á við um virka þátttöku nemenda í tímum og samsömun nemenda við nemendahópinn. Nokkur munur kemur fram á skóla- og bekkjaranda milli árganga.

Hæfilegur agi er í skólanum að mati foreldra og agi í kennslustundum er svipaður og annars staðar að mati nemenda.

Tíðni og umfang eineltis er svipað í skólanum og á landinu í heild. Hins vegar er ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans, úrvinnslu á eineltismálum og hraða úrvinnslunnar meiri en almennt gerist á landinu. Í samanburði við landið er minna um einelti í Sunnulækjarskóla í kennslustundum, hádegisstund og í íþróttatímum en í öðrum skólum að meðaltali, svipað í frímínútum á skólalóð, í búningaklefum og á netinu en algengara í frímínútum innandyra og á leið til og frá skóla en almennt gerist.

### **4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?**

Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð er gott í skólanum, bæði upplýsingastreymi, faglegur stuðningur skólustjóra við kennara, aðgangur kennara bæði að aðstoðarfólki og sérfræðingum vegna nemenda með náms- eða hegðunarerfiðleika.

Lýðræðisleg dreifing valds við ákvarðanatöku er mikil og einnig samvinna um skólaþróun og umbætur.

Samvinna og teymisvinna er sterkur þáttur í skólastarfinu. Kennarar undirbúa kennslu yfirleitt á vinnustaðnum og hafa mikið samráð um kennsluna. Þeir eru almennt mjög ánægðir með teymis- og samvinnuna í skólanum.

Kennarar eru ekki ánægðir með allt sem tengist starfsaðstæðum á vinnustaðnum og gagnrýna sérstaklega skort á tölum og tækjum.

Kennarar skólans hafa álíka mikla trú á eigin getu í starfi og kennarar almennt. Umfang mats og endurgjafar á störf þeirra er einnig svipað og gerist annars staðar en hins vegar nýta þeir sér matið sem þeir fá á störf sín betur. Kennarar skólans telja sig hafa mikla þörf fyrir símenntun á ýmsum sviðum sem snerta starfið en vilji þeirra til símenntunar er hins vegar ekki meiri en í meðallagi.

Ánægja kennara með kennarastarfið er svipuð og á landsvísu en starfsandinn er áberandi góður í Sunnulækjarskóla. Athygli vekur samt að þónokkur munur er á ánægju með starfsandann eftir starfstéttum en almennir starfsmenn eru ekki eins ánægðir og kennarar.

### **5. Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?**

Upplýsingamiðlun til foreldra er góð og þeir eru ánægðir með gagnsemi heimasíðu skólans.

## Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2012 - 2013

---

Foreldrar eru ánægðir með samvinnu og samskipti við starfsmenn og upplifa góðan anda í skólanum. Frumkvæði að foreldrasamstarfi er minna í Sunnulækjarskóla af hálfu kennara en almennt gerist.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varandi nemendur er mikil í skólanum. Hins vegar eru nokkrir þættir sem snerta virkni og áhrif foreldra á skólastarfið minni en á landsvísu, þar á meðal þátttaka þeirra í gerð námsáætlana með barni sínu (t.d. varðandi heimavinnu eða markmið í námi), virkni þeirra í námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barna sinna í framtíðinni. Þá er menntunarstig foreldra í Sunnulækjarskóla lægra en gerist að meðaltali á landinu.

Fjöldi foreldra sem kaupa mat í mötuneyti skólans er meiri í skólanum en annars staðar á landinu að meðaltali og hvergi er ánægja foreldra jafn mikil með máltíðir mötuneytis og í Sunnulækjarskóla ef miðað er við skóla af þessari stærð. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu eða frístundaheimili er svipuð og annars staðar en hlutfall barna sem nota þjónustuna eru umtals vert færri en annars staðar. Ástæða þess að svo fá börn nota þjónustuna er sú að heimilin hafa ekki þörf fyrir hana að mati foreldranna.

### 6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður allra kannana sem gerðar voru meðal nemenda, foreldra og starfsmanna á skólaárinu ásamt samanburði við niðurstöður fyrri ára, einkum sem snerta viðhorf nemenda.

Samkvæmt niðurstöðum sjálfsmats Sunnulækjarskóla má í örstuttu máli segja að sterkustu stoðir Sunnulækjarskóla séu góður starfsandi, góð stjórnun, fjölbreyttir kennsluhættir, samráð og teymisvinna kennara, viðbrögð skólans í eineltismálum og gott mötuneyti.

Augljósar framfarir hafa orðið á ýmsum sviðum milli ára og má þar nefna betri líðan nemenda, aukna virkni og jákvæðara viðhorf þeirra til náms og kennslu. Þá má nefna að framfarir hafa orðið í mikilvægum þáttum sem unnið hefur verið að á undanförunum árum eins og í sérkennslu og agamálum.

Samkvæmt þessum sömu niðurstöðum eru nokkrir þættir skólastarfsins sem þyrfti að bæta til að Sunnulækjarskóli verði enn betri skóli í framtíðinni en hann er nú:

Í fyrsta lagi þarf að huga að ýmsum þáttum sem snerta nám og kennslu, eins og að efla tækjakost skólans, vinna að fjölbreyttara námsmati og fjölbreyttari kennsluháttum á unglingsstigi.

Í öðru lagi þarf að bæta námsárangur nemenda, einkum í stærðfræði og ensku.

Í þriðja lagi þarf að leita leiða til að auka virkni og áhuga foreldra á námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna í framtíðinni.

Í fjórða lagi þarf að huga að líðan stúlkna í skólanum og bæta líðan nemenda í frímínútum innandyra meðal annars til að koma í veg fyrir einelti.

Í fjórða lagi þarf að leita leiða til að stuðla að betri starfsanda hjá almennum starfsmönnum skólans.

Sunnulækjarskóli er ungur skóli sem hefur stækkað mjög hratt á stuttum tíma. Ótal ný verkefni hafa beðið úrlausnar á hverju ári og má því segja að skólinn hafi verið eitt stórt þróunarverkefni. Óhætt er að fullyrða að flestir byrjunarerfiðleikar eru nú að baki og hefur starfið í Sunnulækjarskóla gengið mjög vel á skólaárinu 2012 – 2013.